

Skólaakstur í Mosfellsbæ

Skólaakstur í Mosfellsbæ er skv. 22. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008) og reglur menntamálaráðuneytis um skólaakstur (nr. 656/2009).

1. gr.

Rétt á skólaakstri (í og úr skóla) eiga þeir nemendur sem eiga heima í 1,5 km fjarlægð eða fjær frá sínum hverfisskóla. Skemmri vegalengd telst vera í göngufæri við skóla.

Eftirfarandi götur eru í 1,5 km. fjarlægð eða fjær frá Varmárskóla og Kvíslar-skóla og eru á skólasvæði þeirra skv. samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar á 553. fundi þann 2. mars 2011.

Nemendur sem búa við þessar götur eiga rétt á skólaakstri: Engjavegur, Furubyggð, Grenibbyggð, Krókabyggð, Lindarbyggð, Reykjabyggð, Reykjamelur, Reykjavegur. Einnig nemendur sem búa í húsum utan gatnakerfis og eru í meira 1,5 km. fjarlægð frá skólanum, þar með talið nemendur úr Mosfellsdal.

2. gr.

Skólaakstur fer fram samkvæmt tímatöflu sem unnin er á hverju hausti af fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar í samvinnu við skólana.

3. gr.

Skólaakstur fer fram með þrennum hætti.

- Með sérstökum skólabílum í samræmi við 1. gr.
- Með almenningsvögnum og er þá útteilt strætisvagnamiðum á skrifstofu skólanna.
- Með sérstökum greiðslum til foreldra fyrir eigin akstur, þegar um lengri vegalengdir er að ræða, utan almenningsvegum sveitarfélagsins. Greiðslurnar taka mið af reglugerð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 44/1999 með verðbreytingum.

4. gr.

Akstur á skólatíma er fyrir nemendur sem þurfa að sækja námsgreinar samkvæmt stundatöflu í Íþróttamiðstöðina að Varmá og í Lágafellslaug.

5. gr.

Annar akstur á vegum skóla vegna ferða á skólatíma og frístundastarfs fellur ekki undir skilgreiningar ráðuneytis skv. reglugerð 656/2009 og gilda sérstakar reglur um hann.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar.

566. fundi bæjarstjórnar þann 12. október 2011.